

Baráttudagur gegn einelti er á sunnudaginn 8.11. og unnið verður með vináttu og samkennd á mánudaginn 9.11. í skólanum, það væri gaman að allir myndu skarta einhverju grænu í tilefni dagsins.



Kæra skólasamfélag

Eins og alkunna er þá er skólastarfi ekki með hefðbundnu sniði þessa dagana. Um síðustu helgi fenguð þið heim póst varðandi fyrirkomulag kennslu ýmist fyrir eina viku eða fram til 17.11. Ég fer nánar yfir skipulagið á næstu síðu, kynnið ykkur það vel, auk þess sem póstur verður sendur á þá foreldra þar sem breytingar verða frá liðinni viku. En markmið okkar er:

- * Að skapa stöðugleika fyrir alla, nemendur, starfsfólk og heimilin
- * Að nemendur geti virt 2m regluna inni í kennslu og þurfi ekki grímur nema takmarkað í tímum
- * Að skólastarfi sé sem mest óskert, þ.e. full kennsla eins og kostur er og að mestu í staðnámi
- * Að virða tilmæli sóttvarnaryfirvalda

Þessi vika hefur gengið mjög vel, börnin hafa tekið öllum breytingum af ótrúlegu jafnaðargeði. Nemendur jafnt og starfsfólk skólans á hrós skilið fyrir samhug og jákvæðni í krefjandi aðstæðum. Ég vil nota tækifærið og þakka ykkur foreldrum fyrir stuðning og traust í okkar garð það er ómetanlegt að finna slíkt viðmót frá ykkur. Það eflir okkur og auðveldar starfið þegar svo mikið mæðir á.

Kærar þakkir og bestu kveðjur úr skólanum
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

Einelti er ógeðslegt

Eins og í fyrra vinna nemendur í 7.-10. árgangi að áhugsviðsverkefnum. Fimm nemendur í 7.árgangi hafa í þessu verkefni stofnað klúbb sem heitir *Einelti er ógeðslegt*. Þetta eru þau: Eydís Anna Ingimarsdóttir, Hilmar Ingi Bernharðsson, Óðinn Kári Stefánsson, Sara Fanný Ingimarsdóttir og Vilhjálmur Árni Sigurðsson. Eins og sjá má er einn úr hópnum ekki með þeim í hólfi þessa viku og hittir þau bara í spjaldtölvunni en það stoppar ekki þessa frábæru krakka í að vinna að verkefnum. Þau ætla að útbúa og senda frá sér fræðslumyndbönd sem fjalla um einelti og vináttu. Þau myndbönd verða hýst á You Tube rás inn á svæði skólans <https://youtu.be/nrrsxRsqkE> og er annar umsjónarkennari hópsins með yfirumsjón með þeirri birtingu.



Á mánudaginn þegar allir nemendur skólans eru að vinna að einhverjum verkefnum tengdum vináttu og baráttu gegn einelti er hugmyndin að sýna þessi myndbönd fyrir nemendur á yngsta og miðstigi og skapa umræður um málefnið.

Einnig ætlar hópurinn að bjóða þeim sem vilja að hittast (rafrænt) til þess að fara með þeim í leiki og spjalla. Markmiðið með klúbbnum er að fræðast um einelti með það að leiðarljósi að útrýma því, hjálpa þeim sem líður illa og skemmta sér saman.

Í tilefni af baráttudegi gegn einelti sem er sunnudaginn 8.11. ætlar hópurinn að vera með hitting inn á Google Meet klukkan 12:00 til 13:00. Þar mega allir koma sem vilja og munum krakkarinn kynna klúbbinn, spjalla og fara í skemmtilega leiki saman. Linkurinn inn á meet herbergið er: <https://meet.google.com/ydu-bidy-fwv> og hvetjum við alla til að fara inn á hann kl 12:00 á sunnudag, kynnast málefniinu og fara í skemmtilega leiki saman.

Skipulag skólastarfs

1.-4.árgangur

- * Nemendur 1.-4.árgangi eru í einingum innan hvers bekkjar, ákveðinn starfsmannahópur fylgir hverri einingu.
- * Ípróttá- og list- og verkgreinakennarar skiptast milli eininganna, þeir skipta um einingu vikulega.
- * Skólastarf er ekki skert hjá þessum nemendahópi.
- * Frá mánudegi 9.11. verður **mötuneyti opið** og nemendur fara í matsalinn í sínum hópi.
- * Frístund er óskert hjá 1.-3.árgangi og **boðið er upp á síðdegishressingu**, þar eru börnin áfram í sínum einingum og því eru 2. og 3. árgangur í sínum heimastofum í frístund.
- * Nemendur fara út á mismunandi tímum í frímínútur, ein eining í senn og mæta með 10 mínútna milli bili að morgni til að fækka nemendum í forstofum. Lögð er áhersla á að nemendur fari beint í sínar stofur þegar þeir mæta.
- * Nemendur í 1.árgangi eru alfarið staðsettir í húsnæði frístundar þar til takmörkunum hefur verið létt af þá færast þeir aftur í sínar heimastofur uppi á gula gangi. Tilfærsla þeirra út í frístundarhúsið helgaðist af því að fækka einingum sem ekki máttu hittast inni á sama gangi. Þau ganga inn um tvo innganga þar.
- * Nemendur í 3.árgangi ganga inn á bak við skólann við undirgöngin yfir í Vallakór.

5.-7.árgangur

- * Nemendur í 5.-7.árgangi eru í einingum þar sem mest 25 nemendur eru saman ákveðinn starfsmannahópur fylgir hverri einingu. Þeim er skipt milli stofa þannig að rýmra sé um þá og hægt sé að virða 2 metra fjarlægðarmörk inni í tímum. Þetta þýðir að flestum bekkjum er eitthvað skipt upp stundum jafnvel í þrennt og í einhverjum tilvikum eru hópar þar sem eru saman nemendur úr nokkrum umsjónarhópum. Þeir kennarar sem eru með þá aukahópa sem myndast eru kennarar úr stoðkerfi skólans og aðrir kennarar sem sinnt hafa greinakenndu en ekki verið með umsjón. Athugið að þó nemendum sé skipt upp milli stofa geta þeir verið í sömu einingu. Sem dæmi má nefna nemendur í 6.árgangi þar sem allir bekkir skiptast í tvær stofur en heildarfjöldi í bekk er innan við 25 og því er allur bekkurinn í sömu einingu. Eftir helgar þegar 48 tímar hafa liðið er möguleiki að breyta þessum hópum og munum við huga að því að allir nemendur fari í hóp hjá sínum umsjónarkennara, helst aðra til þriðju hverja viku.
- * Ípróttá- og list- og verkgreinakennarar skiptast milli eininganna og þeir skipta um einingu vikulega.
- * Skólastarf er mjög lítið skert hjá þessum nemendahópi, miðað er við að ná amk 30 tímum á viku í skólanum.
- * Frá mánudegi 9.11. verður **mötuneyti opið** og verða settar upp skömmtunarstöðvar á mismunandi stöðum í skólanum. Nemendur sækja sér mat og borða í heimastofum sínum.
- * Nemendur fara út á mismunandi tímum í frímínútur, ein eining í senn og mæta með 10 mínútna milli bili að morgni til að fækka nemendum í forstofum. Lögð er áhersla á að nemendur fari beint í sínar stofur þegar þeir mæta.
- * 7.árgangur er í Vallakór og skiptist þar í 5.-6. stofur. Nemendur ganga inn á tveimur stöðum í bygginguna (sjá teikningu).
- * Til að skapa stöðugleika hefur verið ákveðið að nýta þær stofur sem nú eru í notkun fyrir hvern árgang á miðstigi fram að jólum,
- * Ef tilslakanir í samfélaginu verða það miklar að nemendahópar allt upp í 100 mega vera saman í rými og kennarar mega fara óhindrað milli hópa þá byrjum við að á efla samstarf og samvinnu innbyrðis innan árgangs. Einnig vonumst við til að íþróttir og sund geti fljótlega hafist.


8.-10.árgangur

- * Nemendur í 8.-10. árgangi eru í einingum þar sem mest 25 nemendur eru saman ákveðinn starfsmanna-
hópur fylgir hverri einingu. Eftir helgar þegar 48 tímar hafa liðið er möguleiki að breyta hópum innan
hverrar einingar.
- * Ípróttá-, valgreina- og list- og verkgreinakennarar kenna nemendum í fjarnámi að minnsta kosti fyrst um
sinn eða þar til tilslakanir eru komnar á það stig að hægt sé að senda nemendur milli húsa í kennslu eða
að kennarar fari milli húsa og kenni ólíkum hópum sama dag.
- * Greinakennarar eru í góðu sambandi við þá kennara sem sinna hverri nemendaeiningu, fylgjast með sinni
grein og vinna bæði undirbúning og úrvinnslu námsmats þó þeir kennarar sem fylgja einingunni sinni
kennslustundunum.
- * Skólastarf er lítið skert hjá þessum nemendahópi, miðað er við að ná um 25 tímum á viku í staðnámi og
síðan fjarnámi samkvæmt ofansögðu.
- * Nemendur fara heim á hádegi til að sinna valfögum og **ekki er gert ráð fyrir að mötuneyti opni** fyrir
þennan hóp meðan það fyrirkomulag er í gangi. Í skoðun er að koma aftur inn hafragraut í morgunfrí-
mínútum og verður látið vita þegar við náum að koma því á.
- * Til að dreifa úr nemendahópum og skapa þannig færi á að nemendur geti virt 2 metra fjarlægðarmörk í
tímum höfum við gripið til nokkurra ráðstafana
 - ⇒ **8.árgangur** fer úr Vallakórnum upp í Spretssalinn (Samskipahöllina) þar sem stúkaðar hafa verið
af fjórar kennslustofur og sett upp kennsluaðstaða. Þetta er fámennasti árgangur stigsins og
einnig vanur kennslu á sameiginlegu rými þannig að við töldum þessa aðstöðu henta þeim árgangi
best.
 - ⇒ Nemendur ganga inn í skólann á 3 stöðum, sjá teikningu.
 - ⇒ **Ef nemendur eru keyrðir í eða úr skóla er keyrt að Samskipahöllinni í gegnum hesthúsa-
hverfi Spretts og þar er 30km hámarkshraði, mikilvægt er að virða það.**
 - ⇒ **Ekki er leyfilegt að nemendur komi á vespum eða rafhlaupahjólum í gegnum hesthúsa-
hverfið og því má ekki koma á þess farartækjum í skólann.**



- ⇒ **9.árgangur** verður í tveimur kennslustofum við aðalandyri skólans í Vallakór og í stofu 86, gengið er inn í hana bak við bygginguna.
- ⇒ **10.árgangur** verður í sameiginlegu rými HK og skólans. Við höfum fengið báða sali HK til afnota og sett upp kennslurými í matsal nemenda í Vallakór auk þess sem stofa 75 verður nýtt fyrir hópinn. Nemendur ganga inn um aðalandyri HK (sjá teikningu).

- * Okkur finnst mikilvægt að skapa stöðugleika og því hefur verið ákveðið að nýta þær stofur sem nú verða teknar í notkun fyrir hvern árgang á elsta stigi fram að jólum,
- * Ef tilslakanir í samfélaginu verða það miklar að nemendahópar allt upp í 100 mega vera saman í rými og kennarar mega fara óhindrað milli hópa þá byrjum við að á efla samstarf og samvinnu innbyrðis innan árgangs. Einnig vonumst við til að íþróttir og sund geti fljótlega hafist.



Skólaárin 2020-2021 og 2021-2022 er Hörduvallaskóli þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi á vegum Erasmus+ sem er mennta- og styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Skólinn okkar, ásamt fimm öðrum skólum víðs vegar í heiminum, er þátttakandi í verkefni sem nefnist "Let us sail together". Löndin eru ásamt Íslandi: Tyrkland, Grikkland (Kít), Króatía, Portúgal og Svíþjóð sem er skipuleggjandi verkefnisins. Verkefnið gengur út á að vekja athygli á mengun hafins og sjálfbærni þegar kemur að fiskveiðum, ferðamennsku og öðrum þáttum tengdum hafinu. Öll löndin sem taka þátt hafa mikinn hag af því að vernda hafsvæðið í kringum sitt land og allt sem lýtur að hafinu. Nemendum gefst kostur á að taka þátt með því að vinna stutt og skemmtileg verkefni og að fá að ferðast með kennurum til hinna þátttökulandanna. Nemendur í 9.bekk hafa tækifæri til að vera með í verkefninu en þátttaka er valfrjál. Verkefnið hefur farið vel af stað og nemendur eru spenntir og margir orðnir virkir þátttakendur. Við hlökkum svo sannarlega til að sjá afraksturinn af þessari skemmtilegu viðbót og tilbreytingu í skólastarfið.



Sun Mán Þri Mið Fim Fös Lau

9. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Grænmeti og ávextir	10. Nautahakk, linsur og heilhve- itipasta-skrúfur í rauðri sósu. Grænmeti og ávextir.	11. Skrúfur m/ rjómblandi og skinkuhorni. Ávextir	12. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Grænmeti og ávextir	13. Lambasnitset (innralæri) m/kaldri bernais- esósu og soðnum kartöflum. Grænmeti og ávextir
--	--	---	--	---

Matseðill verður einfaldaður til að mæta breyttum aðstæðum og verður því ákveðinn eina viku í senn.

Hann birtist á heimasíðu skólans.

GEÐORÐIN 10

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
4. Lærðu af mistökum þínum
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- líf þú heil

Geðrækt

OKTÓBER 3 2020

Við minnum á galleríð á Facebook þar sem finna má myndir af ýmsum verkum nemenda í skólanum:

<https://www.facebook.com/gallerihorduvalla/>

Screening

Foreldrar eru minntir á að í stýrikerfinu á spjaldtölvum nemenda er að finna gagnlegar stillingar þar sem foreldrar geta haft aukna yfirsýn og stjórn á því hvernig spjaldtölvur er notuð. Á eftirfarandi slóð er að finna myndband þar sem þetta er útskýrt:

<https://vimeo.com/293958029>

Fimmtudaginn 19.11. er starfsdagur í skólanum. Frístund er opin.